

**Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 5. janúar 2005 kl. 16:00
Grand Hótel Reykjavík**

Mættir:

Anton B. Markússon – SL
María Frímannsdóttir – SBU
Inga Rún Ólafsdóttir – HugGarður
Bragi Skúlason – ÚTG
Ingi Jón Hauksson – SSÍ
Ólafía M Guðmundsdóttir – LMFÍ
Kristbjörg Magnúsdóttir – LMFÍ
Kristín Hafsteinsdóttir – MTÍ
Vilborg Oddsdóttir – SÍF
Rakel Eiríksson – SÍF
Sigurður Einarsson – SHMN
Helga Birna Ingimundardóttir – FÍH
Pétur G. Kristjánsson – FÍF-K
Þrúður G. Haraldsdóttir – FÍN
Ína Björg Hjálmarsdóttir – FÍN
Páll Halldórsson – FÍN
Signý Þöll Kristinsdóttir – ÍPÍ
Elísa Arnars Ólafsdóttir – ÍPÍ
Sigríður Björnsdóttir - FH
Þórný Hlynsdóttir – FH
Salóme Þórisdóttir – ÞÍ
Torfi Hjartarsson – KKHÍ
Jón G. Grétarsson - FF
Arndís Bjarnadóttir – SSP
Þorbjörg Guðlaugsdóttir – SSP
Stefán Aðalsteinsson – KVH/BHM
Elsa B. Friðfinnsdóttir – BHM
Halldóra Friðjónsdóttir – BHM
Gísli Tryggvason - BHM
Halldór K. Valdimarsson – BHM
Sigurjón Valdimarsson - FTK

Fundur settur kl. 16:07

Fundarstjóri: Elsa B. Friðfinnsdóttir

Til afgreiðslu:

1. *Kjaramál:* Framhald viðræðna frá aukamiðstjórnarfundi 29. desember sl. varðandi hugsanlega framlengingu og útvíkkun umboðs til áframhaldandi samflots aðildarfélaga BHM í viðræðum um endurnýjun kjarasamninga við ríkið

Halldóra Friðjónsdóttir opnaði umræðu um málið. Sagðist hún vænta þess að miðstjórnarfulltrúar hefðu verið í sambandi við stjórnir og/eða samninganefndir félaga sinna og væru því tilbúnir til afgreiðslu á hugsanlegri framlengingu og útvíkkun umboðs til

áframhaldandi samflots. Vísaði hún í plagg sem afhent var á fundi miðstjórnar 29. desember síðastliðinn, sem hún sagði útgangspunkt í málinu. Þar væri margt óljóst enn, enda ekki um kröfugerð að ræða heldur samantekt á þeim atriðum sem yrðu til umræðu. Sagði hún fólk hafa mikið velt fyrir sér kostum og göllum og væru flestir sammála um að gallarnir væru einkum í tengslum við gerð eins stofnanasamnings. Skilningur væri hins vegar á því hjá samninganefnd ríkisins að þetta gæti orðið erfitt. Að auki væru ekki endilega allir forstöðumenn stofnana sammála um gildi þess að gera aðeins einn stofnanasamning. Það væri ríkt í mörgum að meta hópa misjafnlega. Helsti kostur samflots taldi hún væru möguleikarnir á að lægst launuðu hóparnir innan BHM fengju leiðréttingu sinna mála. Fyrir lægi að enginn fengi þó minna en fælist í samningum annarra launþega í landinu. Hins vegar væri ekkert enn fast í hendi.

Verulegar umræður urðu um þetta atriði.

Fyrirspurn kom fram um hvers vegna ríkið væri tilbúið til að leggja svona ríka áherslu á sameiginlega samninga. Var því til svarað að ríkið sæi mikið hagræði í að fækka samninganefndum, svo sæi það etv. líka færi á því að lagfæra þá lægstu sérstaklega með þessu móti.

Önnur fyrirspurn kom fram varðandi orsakasamhengi í þróun viðræðna sameiginlegu nefndarinnar við samninganefnd ríkisins. Hvort hefði komið á undan umræðan um eina launatöflu eða einn stofnanasamning. Því var til svarað að einn stofnanasamningur hefði skotið upp kollinum fyrst. Hins vegar væri mönnum ljóst að það væri líklega erfitt í framkvæmd og væri í þágu varfærinnar að halda því opnu.

Fulltrúar félaganna skýrðu síðan frá afstöðu síns félags. Öll voru þau jákvæð til samflots í samningagerð, en mörg höfðu fyrirvara á og eitt félag skilyrði. Nokkur félaganna vildu setja það sem fyrirvara að fyrst yrði gengið í frágang á nýrri sameiginlegri launatöflu og það skoðað hvernig félagar þeirra vörpuðust inn í hana. Ef það reyndist í lagi væri rétt að halda áfram. Voru flest álit samhljóma um að ljúka ætti þá gerð töflunnar í janúarmánuði og endurskoða málið í byrjun febrúar. Nokkur félög tóku skýrt fram að í stofnanasamningum þeirra væru þættir sem þau vildu alls ekki missa út og gæta þyrfti að hvernig með slíkt væri farið við gerð eins samnings. Eitt félag setti ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku og lagði fram eftirfarandi:

“Niðurstaða stjórnarfundar Félags íslenskra náttúrufræðinga miðvikudaginn 5. janúar 2005.

Forsenda þess að farið verði í samflot BHM-stéttarféлага er að hvert félag geri skammtímasamning sem byggir á núverandi kjarasamningum með prósentuhækkunum. Gildistími áðurnefndra samninga verði notaður til að skoða fyrirbyggjandi hugmyndir með það að markmiði að athuga hvort mögulegt sé að móta sameiginlega kröfugerð BHM-stéttarféлага.”

Í umræðum kom fram fyrirspurn um hverju fulltrúar félaganna væru að svara á þessum fundi. Væri verið að segja já við breyttri launatöflu, já við breyttri uppbyggingu launakerfis, já við breytingum á vísindasjóð, já við breytingum á öðrum sjóðum, eða já við einhverju öðru. Var því til svarað að verið væri að segja já við því að halda áfram með viðræður sem vissulega gætu leitt til tillagna sem fælu í sér breytingar á öllum þessum atriðum. Hins vegar væri þar með ekki búið að segja já eða nei við neinu. Félögin væru að samþykka að fresta sínum eigin viðræðum við ríkið á meðan á þessum tilraunum til sameiginlegrar niðurstöðu stæði, en í raun ekkert annað. Næsta stöðumat yrði tekið í lok janúar og ef þá virtist ekkert hafa þokast í átt til gagns væri þessu sjálfhætt. Fram kom ábending um að viðræðunefndin hefði aðeins umboð til viðræðna um efni, en hið eiginlega umboð til samningsgerðar væri miðstjórn.

Fulltrúi eins félags lýsti því yfir að þar sem einungis væri um að ræða umboð til óformlegs spjalls við samninganefnd ríkisins kæmi ekki til greina af hálfu hans félags að fresta viðræðum þess við ríkið í mánuð.

Í framhaldi fóru fram nokkrar umræður um hvert næsta skref yrði. Hvort þau félög sem væru hlynt þátttöku í samfloti án skilyrða myndu halda því áfram, eða hvort samflotið leystist einfaldlega upp. Var borin fram tillaga um að sameiginleg samninganefnd BHM félaga færi á þegar boðaðan fund með samninganefnd ríkisins fimmtudaginn 6. janúar og skýrði þar frá niðurstöðum miðstjórnarfundar. Í framhaldi myndi nefndin síðan skýra félögunum frá því hvert yrði haldið næst. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Til umræðu og kynningar:

2. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fundi slitið kl. 17:55

Fundargerð ritar Halldór K. Valdimarsson